



Lestrarstefna Leískólans Arkar og Hvolsskóla

- ósamþykkt drög nóvember 2018 -

LESTRARSTEFNA LEIJSKÓLANS ARKAR OG HVOLSSKÓLA

1. Inngangur

Aðalmarkmið með útgáfu lestrarstefnu Leikskólans Arkar og Hvolsskóla er að bæði starfsmenn sem þar starfa og foreldrar hafi sameiginlega sýn og stefnu til að bæta lestrarfærni nemenda. Tilgangur lestrarstefnu er að styrkja kennara, starfsfólk, nemendur og foreldra í því að vinna að sama markmiði, því lestrarþjálfun er samvinnuverkefni skólastiganna tveggja og heimilanna. Séu heimili og skólar að vinna saman eru meiri líkur á því að nemendur nái þeim árangri sem stefnt er að.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013; 98) segir:

Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Leita þarf leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst.

Segja má að lestrarnám hefjist við fæðingu því tungumálið er sá grunnur sem lestrarfærnin byggir á. Frá þeirri stundu sem börn fara að velta fyrir sér málhljóðum og að skilja það sem sagt er, má segja að eiginlegt lestrarnám hefjist. Því er afar mikilvægt að börn alist upp í málhvetjandi umhverfi, það sé talað við þau og á þau sé hlustað til að stuðla að góðum orðaforða. Einnig þurfa þau að hafa góðan aðgang að bókum og það sé lesið fyrir þau. Stundum er talað um að fyrsta lestrarkennslan eigi sér stað þegar barn er tekið í fangið, opnuð er bók og rætt um myndirnar. Eru foreldrar og fjölskyldur barnanna í lykilhlutverki á þessu stigi, bæði sem fyrirmyn dir og kennrarar.

Á leikskólanum er lögð áhersla á að efla málþroska almennt. Það að börn geti tjáð hugsanir sínar og tilfinningar og geti sett sig í annarra spor er grunnurinn að þau geti átt góð samskipti. Leitast kennrarar leikskólans við að vera góðar fyrirmyn dir í öllum samskiptum með því að eiga umræður við börnini og viðhafa virka hlustun þar sem börnumnum er ljóst að á þau hafi verið hlustað og setningar eru dýpkaðar til að auka við orðaforða þeirra. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011;13) segir:

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem vol er á.

Mjög áríðandi er að lestrarkennslu og lestrarþjálfun sé haldið áfram allan grunnskólann jafnt og þétt. Mismunandi lestraraðferðir er mikilvægt að þjálfa og frjáls lestur á að skipa fastan sess á öllum stigum skólanna. Allt umhverfi skólanna þarf að vera lestrarhvetjandi og ýta undir lestur, hvort sem það er lestur í bókum, tímaritum, í umhverfinu eða tölvum.

Mikilvægt er að hafa í huga að börn eru misjafnlega í stakk búin til að takast á við lestrarnámið við upphaf skólagöngu og það tekur nemendur ólíkan tíma að þróa lestrarfærni sína. Reglubundið mat á fyrstu skólastigum gefur færi á snemmtækri íhlutun, það er að finna þá nemendur sem eiga á hættu að lenda í lestrarerfiðleikum og mæta þeim með verkefnum við hæfi.

2. Grunnþættir lestrarar

Lestur og læsi byggist upp á nokkrum grunnþáttum sem hver og einn er mikilvægur liður í lestrarfærni barns og rætt verður um hér að neðan.

2.1 Hlustun

Hlustunar- og málskilningur

Málskilningur felur í sér færni í að hlusta á og skilja talað mál. Hlustunarskilningur byggir á málskilningi og málþroska almennt.

Málskilningur er mikilvægur þáttur lesskilnings. Lestur byggir á tungumálinu og hefst því lestrarnám barns um leið og það fer að veita málhljóðum athygli, þegar það tjáir sig með tungumáli eða skilur það sem sagt er. Því hefur málumhverfi barns strax frá upphafi mikil áhrif á hvernig þau eru í stakk búin fyrir lestrarnámið.

Leiðir til að efla hlustunar- og málskilning:

- Tala við og hlusta á börnin
- Syngja saman og kenna þeim rím, vísur og þulur
- Hvetja börn til að segja frá atburðum og nota málið í mismunandi samhengi
- Lesa fyrir þau bækur sem innihalda fjölbreyttan orðaforða
- Ræða, útskýra og spryja um lesefnið jöfnum höndum
- Biðja börnin um að álykta um framhald og sögulok til að skapa eftirvæntingu og gera þau að meiri þátttakendum í sögunni
- Halda áfram að lesa bækur fyrir börnin á meðan þau eru að ná tökum á lestrinum

2.2 Hljóðkerfisvitund

Er vitundin um að hægt er að greina talmálið í smærri einingar eins og orð, atkvæði, upphafshljóð, rímhleta og stök hljóð. Góð hljóðkerfisvitund felst í því að hafa góða tilfinningu fyrir öllum hljóðeiningum málins, geta t.d. sleppt út, bætt við eða skipt um hljóð í orðum (hvaða orð verður til ef hljóðið S er tekið úr safi > afi). Margar rannsóknir benda til þess að hljóðkerfisvitund hafi mjög sterkt tengsl við lestrarnámið og að þau börn sem greinast með lestrarerfiðleika eru langflest með veikleika í hljóðkerfisvitund.

Því fljótari sem börn eru að átta sig á tengslum stafs og hljóða og nýta sér þá tækni til þess að umskrá stafi í hljóð því sterkari hljóðkerfisvitund eru þau með. Prófun á þáttum hljóðkerfisvitundar við 5-6 ára aldurinn, og þá einkum þættinum *hljóðavitund*, hefur mjög mikið forspárgildi um lestrargetu við 9-10 ára aldur. *Hljóðavitund* er forsenda þess að barn skilji tengsl bókstafa og hljóða og gegnir lykilhlutverki við upphaf lestrarnáms þegar börn eru að ná tökum á umskráningu og er þróaðasti hluti hljóðkerfisvitundar.

Leiðir til að efla hljóðkerfis- og hljóðavitund:

- Með ýmsum leikjum og í tengslum við lestur á sögum, vísum og þulum.
- Klappa atkvæði
- Hlusta eftir ákveðnum hljóðum í orðum (er hljóðið s í safi? En í afi?)
- Tengja saman hljóð stafa eftir heyrn (hvað er ég að segja s – a – f – i?)
- Spil, kennsluforrit og smáforrit
- Notkun hljóðefnis

2.3 Umskráning

Lestrarnám hefst á því að læra tæknina við að umskrá. Umskráningafærni felur í sér getu til þess að þekkja bókstafina og hljóð þeirra. Góð umskráningarfærni eykur leshraða og öryggi í lestri. Breyta bókstöfum í hljóð, hljóðum í orð og orðum í setningar er tæknilegur hluti lestrarnámssins. Þekking barna á heitum og hljóðum bókstafanna er ein sterkasta forspárbreytan fyrir gengi þeirra á fyrstu árum lestrarnámsins. Þeir sem hafa náð fullkomnum tökum á umskráningu byggja yfirleitt hraðar upp sjónrænan orðaforða sinn sem eykur enn frekar leshraða og öryggi í lestri því þegar þegar umskráningin er orðin vel sjálfvirk geta þeir veitt innihaldi textans meiri athygli sem eykur lesskilning. Góð umskráningarfærni er því yfirleitt undirstaða góðs lesskilnings.

Sú kennsluaðferð sem best hefur reynst við lestrarkennslu er hljóðaaðferð, þar sem börn læra að tengja saman stök hljóð orða og hlusta eftir orðunum sem hljóðin mynda. Kennsla hljóðaaðferðar fer aðallega fram í fyrstu bekkjum grunnskólans og lögð er áhersla á að börn hafi náð valdi á umskráningu við lok 3. bekkjar. Börn eru mislengi að tileinka sér umskráningarfærnina, sum læra hana mjög auðveldlega en önnur staðna og þurfa nákvæmari kennslu og er endurtekningin mikilvæg fyrir þau.

Leiðir til að ýta undir og styrkja hljóðtengingu:

- Tengja hljóðin saman í orð (hljóðtenging: hvað er ég að segja: s – a – f – i?)
- Að lesa bullorð æfir umskráningu (tabela, komtura, helas)
- Stafsetja orð eftir upplestri (heyrnræn sundurgreining hljóða)

2.4 Lesfimi

Lesfimi kemur fram í sjálfvirkum og fyrirhafnarlausum lestri, þar sem lesandi notar viðeigandi hendingar og rétt hljómfall til lesturs.

Lesfimi getur bæði takmarkað og stutt við lesskilning.

Lesfimi byggir á þremur þáttum:

- **Lestrarnákvæmni;** sem er hlutfall rétt lesinna orða miðað við heildarfjölda lesinna orða. Nákvæmni er mjög góður mælikvarði á umskráningarfærni.
- **Sjálfvirkni;** verður í lestri þegar hann er hraður, án áreynslu, ósjálfrátt og fyrirhafnarlaust. Þeir sem hafa náð góðri sjálfvirkni í lestri geta lesið 99% lesefnis án meðvitaðrar athygli og geta þannig einbeitt sér að lesskilningnum.

- **Hrynrænir þættir;** þar sem lesandi les með hrynjandi, áherslum og hléum til þess að koma merkingu texta betur til skila.
Þessir þættir auðvelda lesanda að ná inntaki texta betur og hefur því áhrif á lesskilning.

Þau börn sem hafa góða lesfimi skilja betur það sem þau lesa og eru líklegri til þess að leita í bækur sér til yndislesturs. Það eykur orðaforða þeirra og um leið lesskilning sem styður við jákvætt viðhorf þeirra gagnvart námi. Þau börn sem ekki hafa náð góðri lesfimi sækja ekki í bækur vegna þess að lesturinn er erfiður og leiðinlegur. Þar af leiðandi auka þau ekki við orðaforða sinn sem dregur úr lesskilning, þau lesa minna og dragast sifellt meira aftur úr jafnöldrum sínum bæði í lestrarfimi og orðaforða. Börn með góða lesfimi geta þó verið með slakan lesskilning og þarf því alltaf að meta sérstaklega.

Leiðir til að efla lesfimi:

- Nemendum kennt að þekkja algeng smáorð sem koma oft fyrir í texta (og, ekki, að, ég...)
- Auka sjónrænan orðaforða nemenda (orð sem nemandi þekkir sem eiga heild). Því fleiri orð sem festast í sjónrænu minni því sjaldnar þarf nemandi að umskrá hvern staf í hljóð og tengja saman. Því stærri orðaeiningar sem nemandi nær að lesa í einu minnnkar álag á minni, nemendur lesa hraðar og geta betur einbeitt sér að skilningi.
- Lesbútaaðferð, þar sem nemandi les orð í bútum (nem-and-l, skól-l, mamm-a...)
- Festa samhljóðasambönd í minni (sv-. sj-, st-, hv-) og sameiginlegar orðendingar eins og forskeyti (á-, ó- and-, mis-) og endingar (-ur, -ir, -un, -um, -ar, -ing)
- Stigþyngjandi lestrarefni, mjög mikilvægt er að lesefni sé ekki of þungt og til þess að lesefni sé talið hæfilega þungt þarf nemandi að lesa texta með 95% nákvæmni

2.5 Orðaforði

Orðaforði barns er sá fjöldi orða sem það skilur og getur notað við að hlusta, tala, lesa og skrifa. Orðaforði er mikilvægasta forsenda lesskilnings og er nauðsynlegt að barn þrói með sér meðvitund um orð, að það hafi áhuga og löngun til þess að skilja merkingu þeirra. Samkvæmt rannsóknum þurfa nemendur að þekkja um 98% orða í texta námsbóka til þess að gera skilið innihaldið án aðstoðar.

Leiðir til að auka orðaforða:

- Til að auka orðaforða ungra barna er mikilvægt að lesa fyrir þau sögur og ræða merkingu einstakra lykilorða.
- Orðaforðakennsla getur farið fram með beinum hætti þar sem unnið er með orð og merkingu þeirra en einnig í daglegum samskiptum. Í samræðum við kennara og jafnaldra, hlustun og lestur.
- Merking orða er útskýrð fyrir nemendum jafnóðum eða að þeir leiti skýringa í orðabókum eða orðasöfnum
- Nemendur ráða í merkingu orða með því að greina orðhluta þeirra, svo sem stofn, forskeyti og beygingarendingar
- Orðakista: er samstarfsverkefni Hvolsskóla og leikskókans Arkar en tilgangur þess er að auðga orðaforða nemenda og efla lesskilning. Vikulega eru hengd upp og tekin fyrir þrjú ný orð sem heyrast ekki oft í daglegu tali en eru algeng í lesmáli og einkenna tal þroskaðra málnotenda.

2.6 Lesskilningur

Lesskilningur felur í sér hæfnina að skilja lesinn texta og túlka. Einnig hæfni til þess að muna og endurheimta upplýsingarnar. Góður lesskilningur er nauðsynlegur til þess að geta skilið ólíka texta, lesið á milli lína og nýtt sér fyrri þekkingu til þess og einnig að geta dregið ályktanir út frá texta. Slíkur skilningur byggir á flóknu samspili margra þátta s.s. málhæfni, orðaforða, hljóðkerfisvitund og umskráningu, bakgrunnsþekkingu og ályktunarhæfni ásamt ýmsum textatengdum atriðum eins og setningafræði og formgerð og uppbyggingu texta. Þeir þættir sem helst hafa áhrif á lesskilning eru m.a. málþroski, uppeldisaðstæður og ýmsir samfélagslegir þættir, skólaganga og erfiðleikar í lestrarnámi.

Hlustunarskilningur er undirstaða lesskilnings og byggir á sömu þáttum að undanskilinni umskráningarfærni. Góður hlustunarskilningur krefst m.a. góðs orðaforða og skilnings (bakgrunnsþekkingar) og ályktunarfærni.

Leiðir til að efla lesskilning:

- Ala börn upp við auðugan orðaforða og mállega örvun með því að tala við þau, veita þeim endurgjöf og lesa fyrir þau.
- Ræða við börnin og hjálpa þeim að átta sig á aðstæðum og samhengi. Þannig læra þau að lesa í ætlanir og vísbendingar sem þeim eru gefnar og tengt því sem sagt er við þau.
- Stuðla að félagslegum aðstæðum þar sem reynir á samskipti s.s. leikhópar, leikskóli, félagsstarf o.s.frv.
- Nota samskipti sem byggja á notkun tungumálsins, leita lausna og koma með athugasemdir og tillögur.
- Hafa góðan aðgang að lestrartengdu efni, lesa daglega fyrir börnin og ræða efnið.
- Láta barnið endursega það sem lesið var eða svara spurningum úr textanum.
- Stuðningur foreldra við lestrarnám er mikilvægur, dagleg lesþjálfun og jákvætt viðhorf.

Ofangreindar leiðir eiga við í samskiptum við börnin allt fram á fullorðinsár. Rannsóknir sýna að orðaforði og lesskilningur íslenskra barna og unglings hefur farið hnignandi og því er mikilvægt að viðhalda ríkulegum samskiptum við þau alla tíð. Eftir því sem nemendur færast ofar í skólakerfinu reynir sífellt meira á að góður lesskilningur sé fyrir hendi.

Þjálfaðir lesendur nýta sér ýmsar leiðir til að auka enn frekar skilning sinn og þekkingu sem felst í texta. Þeir byrja á að skoða textann og fá með því hugmyndir og spurningar sem þeir tengja við þá þekkingu sem þeir þegar búa yfir. Þeir setja sér markmið með lestrinum og velja viðeigandi aðferð til að lesa textann s.s. að byrja á að skanna textann, lesa samantekt o.s.frv. Á meðan þeir lesa þá leita þeir markvisst eftir aðalatriðum textans og sampætta nýja þekkingu þeirri fyrri með því að tengja, álykta, sjá fyrir sér o.s.frv. Einnig lesa þeir textann með mismunandi nákvæmni, leita að skýringum og mikilvægum atriðum og hlaupa yfir annað sem skiptir minna máli. Eftir lesturinn þá draga þeir saman efni textans, gagnrýna og bera saman við það sem áður var vitað eða tengja á annan hátt við aðra þekkingu. Þeir meta hvort framsetningin hafi verið fullnægjandi eða hvort þörf er fyrir frekari upplýsingar og þeir nota það sem þeir hafa lesið í frekari tilgangi.

2.7 Ritun og stafsetning

Rannsóknir á kennslu hafa líka leitt í ljós að ritun og stafsetningarnám stuðlar að framförum í lestri og öfugt. Stafsetning er skráning talmálsins þar sem samsvörun er milli hljóðs og stafs með einhverjum frávikum þó. Hægt er að greina ákveðin stig í þróun ritunar og stafsetningar hjá börnum, eftir því sem þau ná betri tökum á tungumálinu. Í upphafi er krotið ómarkvisst og ekki alltaf ljóst hvað það stendur fyrir. Smám saman fer krotið að líkjast stöfum eða ritmáli og börnin átta sig á tenslum milli einstakra stafa og ákveðinna persóna eða hluta. Með tímanum læra þau að hver stafur á sitt/sín hljóð og með því að tengja þá saman mynda þau merkingarbæra einingu. Í framhaldinu átta þau sig á því að orðin eru ekki alltaf skrifuð eins og þau eru borin fram og stafsetningarþátturinn ásamt málfræðinni og setningafræðinni, spila sífellt stærra hlutverk. Eftir því sem barn hefur meiri reynslu af ritmáli, betri orðaforða og málskilning gengur þróun stafsetningarkunnáttu hraðar, barnið á auðveldara með að tengja orðaforðann innbyrðis og koma auga á þá reglu sem gildir hverju sinni. Fyrir því barni sem hefur litla reynslu af ritmáli, fátæklegan orðaforða og slakan málskilning verður stafsetning flestra orða framandi og óregluleg.

Lestrarvandi hjá nemendum valda þeim einnig oft erfiðleikum við ritun. Erfðoleikar í umskráningu koma einnig fram sem erfiðleikar í stafsetningu og stafsetningarreglum. Slakri lestrarnákvæmni og lesfimi fylgir oft að nemendur hafa lesið minna en aðrir og vantar því þá færni sem aðrir eru búnir að ná sér í með þekkingu á helstu ritunarferlum, uppbyggingu texta og að gera sér grein fyrir hvaða aðferðum þarf að beita. Þeir eiga einnig í erfiðleikum við skipulagningu og endurskoðun.

Leiðir:

- Kenna lestur í nánu samhengi við ritun og stafsetningu því þessi ferli þróast samhliða og styðja við hvert annað.
- Halda skriffaðum að börnum og unglungum og hvetja þau til að setja hugsanir sínar og hugmyndir á blað.
- Ritun leiðir til meiri lesturs, ýtir undir lesskilning og að nemendur tjái hann með eigin orðum. Þannig skapast t.d. tengsl milli hins þekkta og óþekkta sem myndar grundvöll að nýrri þekkingu.
- Skipuleggja umhverfið þannig að það ýti undir áhuga fyrir ritun.
- Gefa þarf góðan tíma fyrir ritun, finna tilefni og veita jákvæða endurgjöf.

3. Áherslur í mál- og lestrarkennslu í skóla og heima

| | 1-3 ára | 3-5 ára | 5-6 ára | 1. bekkur | 2. bekkur | 3. bekkur | 4. bekkur | 5. bekkur | 6. bekkur | 7. bekkur | 8. bekkur | 9. bekkur | 10. bekkur |
|---|---------|---------|---------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|---------------|
| Samræður: tjáning og virk hlustun | | | | | | | | | | | | | |
| Markviss þjálfun hljóðkerfisvitundar | | | | | sérkennslu | sérkennslu | sérkennslu | | | | | | |

| | | | | | | | | | | | | | |
|---|---------|---------|---------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Lesið fyrir börn og unnið með texta | Daglega | Daglega | Daglega | Daglega | Daglega | Daglega | Daglega | 2-3x í viku |
| Hljóð og stafir | Daglega | Daglega | Daglega | Daglega | Daglega | sérkennslu | sérkennslu | | | | | | |
| Lestur í skóla | | | | 3-5x í viku | 3-4x í viku | 3x í viku | 3x í viku | 3-5x í viku | 3-5x í viku | 2-3x í viku | 3x í viku | 2-3x í viku | |
| Heimalestur | | | | 5-7x í viku | 2-3x í viku | 2-3x í viku | 2-3x í viku | |
| Yndislestur/bækur skoðaðar | Daglega | Daglega | Daglega | 2-3x í viku | 3-4x í viku | 3-4x í viku | 3-4x í viku | 4x í viku | 4x í viku | 2-3x í viku | 3x í viku | 2x í viku | |
| Lestraráttök | | | | 1x á önn | 1x á vetri | 1x á vetri | 1x á vetri | |
| Unnið með orðaforða/málskilning/lesskilning | Daglega | Daglega | Daglega | Daglega | Daglega | Daglega | Daglega | | | 3x í viku | 3x í viku | | |
| PALS | | | | | 1x á önn | | 1x á önn | | | | | | |
| Framsagnalestur | | | | | | | | 1x á önn | 1x á önn | 3x á vetri | 1x á önn | 1x á önn | 1x á önn |
| Gagnvirkur lestur | | | | | | | | 3-5x í viku | |
| Orðakista | | | | | | | | | | | | | |

4. Áherslupættir í mál- og lestrarkennslu í skólum

4.1 Leikskólinn

Í leikskólanum er unnið markvisst að því að leggja góðan grunn að lestrarnámi barna. Lögð er áhersla á grunnþætti lestrar svo sem; **hlustunar- og málskilning** þar sem unnið er markvisst með orðaforða, **þjálfun hljóðkerfisvitundar** en á henni byggir færnin til að vinna með hljóð tungumálsins og einnig er byrjað að fáast við **umskráningu tákna í hljóð** þ.e. að hver bókstafur eigi sér ákveðið hljóð.

Unnið er með tungumálið í öllum þáttum starfsins s.s. í daglegum samskiptum, í leik, lesið er fyrir börn og með börnum og svo mætti áfram telja.

| Matstæki | TRAS | HljóM - 2 | Orðaskil |
|--|---|---|---|
| Aldur | 2 – 5 ára | Elsti árgangur leikskólans (5 ára) | 18 mán. – 3 ára |
| Áherslubættir | Mál- og félagsþroski | Hljóðkerfis- og málvitund | Orðaforði, beygingar, setningagerð |
| Framkvæmdir | Leikskólakennari með réttindi á TRAS skimunapróf. | Leikskólakennari með réttindi á Hljóm-2 skimunapróf leggur prófið fyrir að hausti. | Leikskólakennari, sérkennari |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá aldursviðmiðum | Kynnt fyrir foreldrum. Unnið með þá þætti sem koma slakir út, ýmist einstaklingslega eða í litlum hóp. | Kynnt fyrir foreldrum. Ef barn víkur að litlu leyti frá viðmiðum fær það þjálfun í litlum hóp. Ef barn víkur verulega frá viðmiðum fær það einstaklingsbundna þjálfun. Prófið endurtekið í janúar. | Unnið í samvinnu við foreldra. Þjálfun í litlum hópum, sem og markvisst í daglegu starfi. |

4.2 Yngsta stig grunnskóla, 1.-4. bekkur

Á yngsta stigi er megináhersla lögð á lestrarkennslu og þjálfun í grunnþáttum lestrar. Er sú vinna samofin öllum þáttum skólastarfsins. Þegar nemendur hefja nám í fyrsta bekk liggja fyrir skimanir sem lagðar voru fyrir á leikskólanum og liggja niðurstöður þeirra til grundvallar við skipulagningu kennslunnar. Við lestrarkennslu er stuðst við hljóðaaðferðina og eftir stöðu og getu hvers og eins, fá nemendur lestrarbækur og byrja að lesa heima daglega. Stöðug þjálfun og endurtekning er lykilatriði að aukinni lestrarfærni og leshraða. Heimilið gegnir veigamiklu hlutverki og mikil ábyrgð hvílir á foreldrum í þessum efnunum því nemendur þurfa mikla þjálfun heima fyrir en sú þjálfun sem nemendur fá heima fyrir hafa margfalt vægi á við þá þjálfun sem á sér stað í skóla. Kennrarar láta barnið lesa upphátt fyrir sig a.m.k. 3x í viku auk þess að gæta þess að nemendur fái ríkuleg tækifæri til að velja sér bækur eða annað lesefni eftir áhuga og getu. Mikilvægt er að foreldrarar láti barnið lesa upphátt a.m.k fimm x í viku og hverja bls 3x.

Lestrarviðmið Menntamálastofnunar liggja til grundvallar mati í lestrarkennslu Hvolsskóla, en það eru stöðluð próf sem lögð eru fyrir á landsvísu með settum markmiðum fyrir hvern bekk.

1. bekkur

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 20 orð/mín. Almenn viðmið 55 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 75 orð/mín.

| Matstæki | Stafir/hljóða-könnun | Lesfimi MMS | Nefnuhraði MMS | Sjónrænn orðaforði MMS |
|--|---|---|--|---|
| Tímabil | Að vori fyrir skólabyrjun | September Janúar Maí | Janúar | Janúar og maí |
| Áherslubættir | umskráning | Hraðlestur | Hraði, vinnsluminni, endurheimt | Ritháttar-lestur |
| Framkvæmd | Væntanlegur umsjónar-kennari | Umsjónar-kennari | Umsjónar-kennari | Umsjónar-kennari |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá viðmiðum | Könnun á stöðu, lagt til grundvallar við skipulagningar kennslu næsta vetur | Nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum. | Nemendur fá verkefni sem þjálfa nefnuhraða til að vinna heima og í skóla | Nemendur fá verkefni sem þjálfa sjónrænan orðaforða til að vinna heima og í skóla |

2. bekkur

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 40 orð/mín. Almenn viðmið 85 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 100 orð/mín.

| Matstæki | Lesfimipróf MMS | Læsi - lestrar skimun. 1 hefti | Lesmál | Nefnuhraða próf frá MMS | Sjónrænn orðaforði frá MMS | Orðleysupróf frá MMS |
|----------|----------------------------|-----------------------------------|--------|-------------------------|----------------------------|-------------------------|
| Tímabil | September Janúar Maí | | | Janúar | Janúar og maí | September/og eða janúar |

| | | | | | | |
|---|--|------------------|------------------|--|--|---|
| Áherslubættir | Hraðlestur Vor: Viðmið Lámarks: 60 orð Almenn: 130 orð Metnaðarfull 160 orð | | | Hraði | Ritháttarlestur | Tenging hljóðs og stafs |
| Framkvæmd | Umsjónakennrarar | Umsjónakennrarar | Umsjónakennrarar | Umsjónakennrarar | Umsjónakennrarar | Umsjónakennrarar |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá viðmiðum | Nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum. | | | Nemendur fá verkefni sem þjálfa nefnuhraða til að vinna heima og í skóla | Nemendur fá verkefni sem þjálfa sjónrænan orðaforða til að vinna heima og í skóla | Nemendur fá verkefni sem þjálfa hljóð stafa og samtengingu til að vinna heima og í skóla |

[EBS1]http://lesvefurinn.hi.is/kennsla_skimun

[EBS2]<http://lesvefurinn.hi.is/node/188>

3. bekkur

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 55 orð/mín. Almenn viðmið 100 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 120 orð/mín.

| Matstæki | Lesfimipróf MMS | Nefnuhraða próf frá MMS | Sjónrænn orðaforði MMS | Orðleysupróf MMS | Orðarún |
|----------|-----------------|----------------------------|---------------------------|------------------|---------|
|----------|-----------------|----------------------------|---------------------------|------------------|---------|

| | | | | | |
|---|--|---|---|--|--|
| Tímabil | September Janúar Maí | Janúar | Janúar | Janúar | (október) apríl |
| Áherslubættir | Lesfimi; hraði, nákvæmni og öryggi. | Vinnsluminni | Ritháttarlestur | Tenging hljóðs og stafs | Greina staðreyndir Draga ályktanir Átta sig á meginefni texta Útskýra orð og orðasambönd |
| Framkvæmd | Umsjónakennrarar | Umsjónakennrarar | Umsjónakennrarar | Umsjónakennrarar | |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá viðmiðum | Nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum. | Nemendur fá verkefni sem þjálfar nefnuhraða í skóla og heima. | Nemendur fá verkefni sem þjálfar ritháttarlestur í skóla og heima. | Nemendur fá verkefni sem þjálfar tengingu hljóðs og stafs í skóla og heima. | Nemendur fá verkefni sem þjálfa þá í að vinna með texta. Unnið bæði heima og í skóla |

4. bekkur

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 80 orð/mín. Almenn viðmið 120 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 145 orð/mín.

| Matstæki | Lesfimipróf MMS | Nefnuhraðapróf MMS | Sjónrænn orðaforði MMS | Orðleysupróf MMS | Orðarún | Samræmd próf í íslensku |
|---|--|---|--|--|--|--|
| Tímabil | September Janúar Maí | Janúar | Janúar | Janúar | (október) apríl | September |
| Áherslupættir | Lesfimi; hraði, nákvæmni og öryggi. | Vinnsluminni | Ritháttarlestur | Tenging hljóðs og stafs | Greina staðreyndir Draga ályktanir Átta sig á meginefni texta Útskýra orð og orðasambönd | Lestur, málnotkun, stafsetning og ritun |
| Framkvæmd | Umsjónarkennari | Umsjónarkennari | Umsjónarkennari | Umsjónarkennari | | Menntamálastofnun |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá viðmiðum | Nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með | Nemendur fá verkefni sem þjálfar nefnuhraða í skóla og heima. | Nemendur fá verkefni sem þjálfar ritháttarlestur í skóla og heima. | Nemendur fá verkefni sem þjálfar tengingu hljóðs og stafs í skóla og heima. | Nemendur fá verkefni sem þjálfa þá í að vinna með texta. Unnið bæði heima og í skóla | |

| | | | | | | |
|--|----------------------|--|--|--|--|--|
| | krefjandi verkefnum. | | | | | |
|--|----------------------|--|--|--|--|--|

4.3 Miðstig grunnskóla, 5.-7. bekkur

Lestrarmarkmið á miðstigi miða að því að efla lesfimi, lestrarþol og lesskilning og að gera nemendur að sjálfstæðum og meðvituðum lesurum. Á miðstigi eru daglegar lestrarstundir þar sem nemendur eru hvattir til að lesa bækur sem vekja áhuga þeirra. Einnig er gert ráð fyrir því að nemendur lesi upphátt heima og í skóla amk. Þrisvar sinnum í viku þó svo að þeir séu búinir að ná góðum tökum á lestrarfærninni.

Unnið er með lesskilning og eflingu orðaforða í gegnum bókmenntatexta og námsbækur. Nemendur eru hvattir til að gera yndislestur að mikilvægum hluta í lífi sínu og eru heimsóknir á bókasafnið mikilvægur þáttur í því ferli og aðgengi að nýjustu bókunum er mjög gott. Nemendur með dyslexíu og aðra lestrarörðugleika fá viðeigandi stuðning í námi í samvinnu við sérkennara.

5. bekkur:

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 90 orð/mín. Almenn viðmið 140 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 160 orð/mín.

| Matstæki | Lesferill | Orðarún | Stafsetning(LOGOS) |
|--|---|---|--------------------|
| Tímabil | September Janúar Maí, | Október og febrúar | Október |
| Áherslubættir | Lesfimi | Lesskilningur | Stafsetning |
| Framkvæmd | Umsjónarkennari | Umsjónarkennari | Sérkennari |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá viðmiðum | Nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Unnið er með lesfimi, lestarþol ritun og orðaforða með verkefnum sem falla að þörfum nemenda og auka áhuga. | Nemendur sem fá færri en 12 stig á prófi 1 eða 10 stig á prófi 2 fá orðaforðavinnu og lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. | |

| | | | |
|--|---|--|--|
| | Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólabjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum. | | |
|--|---|--|--|

6. bekkur

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 105 orð/mín. Almenn viðmið 155 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 175 orð/mín.

| Matstæki | Lesferill | Orðarún | Stafsetning (Logos) |
|--|----------------------------|---|---------------------|
| Tímabil | September Janúar Maí | Október og febrúar | Október |
| Áherslupættir | Lesfimi | Lesskilningur | Stafsetning |
| Framkvæmd | Umsjónakennari | Umsjónakennari | Sérkennari |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá viðmiðum | | Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá orðaforða-vinnu og lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Eins þarf að athuga lestrarfærni eða mál-þroska fái nemandi færri en 8 stig. | |

7. bekkur

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 120 orð/mín. Almenn viðmið 165 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 190 orð/mín.

| Matstæki | Lesferill | Orðarún | Stafsetning (Logos) | Samræmt próf í íslensku |
|----------|-----------|---------|---------------------|-------------------------|
|----------|-----------|---------|---------------------|-------------------------|

| | | | | |
|---|---|--|--|--|
| Tímabil | September, janúar og maí, | Október og febrúar | Október | September |
| Áherslubættir | Lesfimi | Lesskilningur | Stafsetning | Lestur, stafsetning, málnotkun og ritun |
| Framkvæmd | Umsjónakennari | Umsjónakennari | Sérkennari | Menntamálastofnun |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá viðmiðum | Nemendur sem ekki ná lágmarks-viðmiðum fá stuðning í bekk, í fámennum hópum eða einstaklingslega. Unnið er með lesfimi, lestrarþol, ritun og orðaforða með verkefnum sem falla að þörfum nemenda og auka áhuga. Áhersla er lögð á daglegan lestur heima og í skóla. Foreldrar fá ráðgjöf frá skóla og skólapjónustu. Brugðist er við þörfum nemenda sem ná metnaðarfullum viðmiðum með krefjandi verkefnum. | Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá orðaforðavinnu og lesskilningsþjálfun í bekkjarkennslu. Eins þarf að athuga lestrarfærni eða mál-þroska fái nemandi færri en 8 stig. | Nemendur fá markvissa kennslu í stafsetningu í bekk út frá niðurstöðum prófsins. Nemendum sem falla undir 15. hundraðsröð er vísad í einstaklingsgreiningu á lestri hjá skólapjónustu. | Nemendum sem falla undir 15. hundraðsröð í hraða eða færni er boðið lestrarnámskeið og í framhaldinu vísad í einstaklingsgreiningu til skólapjónustu ef þörf er á. Foreldrar og skóli fá ráðgjöf um áherslubætti í kennslu og þjálfun. |

4.4. Elsta stig grunnskóla, 8.-10. bekkur

Á elsta stigi er lesfimi viðhaldið með markvissri þjálfun en jafnframt er lögð sífellt meiri áhersla á að efla lestrarþol og lesskilning. Námsbækur búa yfir sífellt þyngri textum með sérhæfðari orðnotkun og í upplýsingaþjóðfélagi nútímans reynir á sem aldrei fyrr að geta vinsað úr upplýsingum og valið þær úr sem réttastar eru. Í daglegu starfi er haldið að nemendum að tileinka sér gagnrýna

hugsun við lestur texta og þeim kenndar leiðir til að ná aðalatriðum úr texta og setja upp í merkingarbært form sem hægt er að vinna með í framhaldinu.

Leiðir sem farnar eru:

- Lestrarstundir í öllum bekkjum 20 mínútur í senn minnst 3 sinnum í viku.
- Bókmenntaritgerðir í íslensku 1 sinni á vetri í öllum árgöngum.
- Samfélagsfræðiritgerð 1 sinni á vetri í öllum árgöngum.
- Tíundi bekkur leikles Brennu-Njálssögu og les síðan upp á Degi íslenskrar tungu. Aðrir bekkir lesa eina fornsögu.
- Kjörþókarlestur í ensku 1 sinni á önn.
- Boðið upp á hraðlestrarnámskeið í vali.
- Lesnar smásögur í dönsku.
- Upplestur og hlustun í öllum tungumálum.
- Ræðumennska.
- Lestrará tak 1-2 sinnum yfir skólaárið.

8. bekkur

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 130 orð/mín. Almenn viðmið 180 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 210 orð/mín.

| Matstæki | Lesferill | Orðarún | Stafsetning MMS |
|---|---|---|-----------------|
| Tímabil | September Janúar Máí, | Október og febrúar | |
| Áherslubættir | Lesfimi / leshraði | Lesskilningur | |
| Framkvæmd | Umsjónarkennari/íslensku kennari/ sérkennari | Umsjónakennari | |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá viðmiðum | Brugðist við með þjálfun ýmist á bekjarvísi, í litlum hópi eða einstaklingslega. Unnið í samvinnu við foreldra/forráðamenn. | Nemendur sem fá færri en 12 stig í prófi 1 eða 10 stig í prófi 2 fá orðaforða-vinnu og lesskilningsþjálfun í | |

| | | | |
|--|--|---|--|
| | | bekkjarkennslu. Eins þarf að athuga lestrarfærni eða málþroska fái nemandi færri en 8 stig. | |
|--|--|---|--|

9. bekkur

Leshraði að vori: Lágmarksviðmið 140 orð/mín. Almenn viðmið 180 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 210 orð/mín.

| Matstæki | Lesferill frá MMS | GRP 14h (greinandi ritmálspróf) | Samræmt könnunarpróf |
|--|--|--|--|
| Tímabil | September Janúar Maí | Október | Mars |
| Áherslupættir | Lesfimi | Lesskimun Stafsetning | Lestur, stafsetning, málnotkun og ritun |
| Framkvæmd | Umsjónarkennari/íslensku kennari/ sérkennari | Fulltrúi frá Skólapjónustu og íslensku kennari | Menntamálastofnun. |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá viðmiðum | Brugðist við með þjálfun ýmist á bekkjarvís, í litlum hóp eða einstaklingslega. Unnið í samvinnu við foreldra/forráðamenn. | Lagt fyrir frekara greiningarpróf ef þörf krefur og brugðist við í samvinnu við foreldra/forráðamenn og sérfræðinga. | |

10. bekkur

Leshraði að vori: Lágmarksþiðmið 145 orð/mín. Almenn viðmið 180 orð/mín. Metnaðarfull viðmið 210 orð/mín.

| Matstæki | Lesferill |
|--|---|
| Tímabil | September Janúar Maí |
| Áherslupættir | Lesfimi / leshraði |
| Framkvæmd | Umsjónarkennari/íslensku kennari/ sérkennari |
| Viðbrögð ef nemandi víkur frá viðmiðum | Brugðist við með þjálfun ýmist á bekkjarvís, í litlum hóp eða einstaklingslega. Unnið í samvinnu við foreldra/forráðamenn. |

5. Matstæki

Eins og fram hefur komið hér að ofan eru lögð margskonar skimunarpróf fyrir nemendur með markvissum hætti. Niðurstöður þessara skimunarprófa geta vakið grun um að lestrarerfiðleikar geti verið til staðar er byrjað á að setja upp markvissa lestrarþjálfun í ákveðinn tíma og athugað hvernig nemandinn bregst við þjálfuninni og hverjar framfarir verða. Ef grunur er enn til staðar er LOGOS lestrargreiningarprófið lagt fyrir og niðurstöður þess notaðar til að sníða lestrarþjálfunina enn frekar að nemendanum. Í kjölfarið er oft gripið til aukinnar notkunar hljóðbóka og snjalltækja í námi með það fyrir augum að minnka áhrif lestrarerfiðleikanna eftir föngum á nám einstaklingsins. Eftir sem áður þarf þó að leggja mikla rækt við lestrarþjálfun því það að greinast með dyslexiu þýðir ekki að viðkomandi geti ekki lært að lesa, heldur mun hann þurfa að leggja enn harðar að sér með bæði þjálfun og því að nýta allar þær leiðir sem eru í boði til að greiða fyrir námsgengi sínu. Hér á eftir fylgir nánari útlisting á þeim skimunarprófum sem lögð eru fyrir í skólunum.

5.1. TRAS

TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

<https://mms.is/tras>

5.2. Orðaskil

Prófið byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfs til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Höfundur prófsins er Elín Þöll Þórðardóttir.

<http://lesvefurinn.hi.is/node/187>

5.3. Hljóm-2

HLJÓM-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalorsök lestrarvanda hjá 88% barna (9 af hverjum 10 börnum). Síðustu 30 ár a.m.k. hefur mikil áhersla verið á að börnum sé strax frá unga aldri boðið markvisst upp á leiki og verkefni til örvunar hljóðkerfis- og málmeðvitundar þeirra og að þeim sem virðast eiga í erfiðleikum sé sinnt sérstaklega. Leikskólaárin eru því sérlega mikilvæg fyrir snemmtæka íhlutun.

<https://mms.is/hljom-2>

5.4 Lesferill

Lesferill er heiti á nýju matstæki sem unnið er af læsisteymi Menntamálastofnunar í samstarfi við aðra sérfræðinga stofnunarinnar. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að Lesferill spanni frá þriggja til 16 ára aldurs og að prófin verði öll tilbúin til notkunar haustið 2020. Ýmist er um stöðupróf eða skimanir að ræða.

Um ræðir fjögur próf sem snúa að umskráningu eða sjálfri lestrartækninni. Hér er um að ræða lesfimipróf, sem má segja að séu grunnprófin, síðan eru það svonefnd hliðarpróf, sem meta þætti sem allir tengjast eða hafa áhrif á lestrartæknina. Hliðarprófin eru: próf í sjónrænum orðaforða, próf í orðleysulestri og nefnuhraðapróf.

Mælt er með því að prófin séu lögð fyrir á eftirfarandi hátt:

- Lesfimiprófin fyrir alla nemendur reglulega í 1.-10. bekk (stöðluð fyrir tímabilin; september – janúar – maí).
- Hliðarprófin eru lögð fyrir eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttáð, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar ligga.

Gagnlegt er að:

- leggja nefnuhraðaprófið fyrir alla nemendur í janúar í 1. bekk.
- leggja próf í sjónrænum orðaforða fyrir alla nemendur í 1.-3. bekk (í september – janúar – maí).
- leggja orðleysuprófin fyrir alla nemendur a.m.k. einu sinni á ári í 1.-3. bekk.

Unnið er að stafsetningarprófum fyrir 4.-7. bekk. Þessi próf eru öll stöðupróf þar sem staða nemandans miðað við jafnaldra á landsvísu er metin. Prófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar.

Auk þessara fjögurra prófa verður ***Leið til læsis – lesskimun fyrir 1. bekk***, sem margir kennrarar þekkja, hluti af Lesferli og verður prófið endurstaðlað. Lesskimunarprófið hefur fengið nafnið Lesferill – Lesskimun fyrir 1. bekk.

Þessi próf eru ekki opinber gögn og verða niðurstöður þeirra ekki birtar opinberlega. Þau eru valfrijáls möguleiki til að efla skólastarf og eru fyrst og fremst hugsuð sem verkfæri fyrir viðkomandi skóla og kennara til að bæta kennslu og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.

https://mms.is/sites/mms.is/files/kynning_a_lesferli.pdf

| Viðmið í maí fyrir fjölda rétt lesinna orða á mínútu á lesfimiprófi í <i>Lesferli</i> | | | |
|---|----------------------------------|--------------------------------|--------------------------------------|
| Aldur nemenda | Lágmarks viðmið (90% nemenda) | Almenn viðmið (50% nemenda) | Metnaðarfull viðmið (25% nemenda) |
| 1. bekkur | 20 | 55 | 75 |
| 2. bekkur | 40 | 85 | 100 |
| 3. bekkur | 55 | 100 | 120 |
| 4. bekkur | 80 | 120 | 145 |
| 5. bekkur | 90 | 140 | 160 |
| 6. bekkur | 105 | 155 | 175 |
| 7. bekkur | 120 | 165 | 190 |
| 8. bekkur | 130 | 180 | 210 |
| 9. bekkur | 140 | 180 | 210 |
| 10. bekkur | 145 | 180 | 210 |

5.4.2. Sjónrænn orðaforði

Góður lesskilningur næst ekki nema nemandi geti einbeitt sér að innihaldi textans. Til að svo geti orðið þarf hann að búa yfir góðum sjónrænum orðaforða sem gerir það að verkum að lestarinn krefst ekki einbeitingar heldur gerist hann ósjálfrátt, án þess að lesandin þurfi að beina athygli sinni að sjálfri lestrartækninni. Prófin eru einstaklingspróf sem taka 1-2 mínútur í fyrirlögn á hvern nemanda og samanstanda af 40 orðum af stigvaxandi erfiðleikastigi.

https://mms.is/sites/mms.is/files/glaerunamskeid_-_sjonraenn_ordafordi_-_dreifirit.pdf

5.4.3. Orðleysulestur

Orðleysur (bullorð) eru hljóðakeðjur sem búnar eru til en líkjast ekki raunverulegum orðum. Lestur orðleysa er talin vera ein besta aðferðin til að meta hvernig nemandi ræður við að nota hljóðaaðferðina við umskráningu. Þessi próf eru einstaklingspróf og samanstendur hvert þeirra af 40 orðleysum af stigvaxandi erfiðleikastigi.

https://mms.is/sites/mms.is/files/glaerunamskeid_-_ordleysulestur_-_dreifirit.pdf

5.4.4. Nefnuhraði

Nefnuhraði hefur með að gera aðgengi og endurheimt á hljóðrænum upplýsingum sem skráðar eru með ákveðnum hætti í minninu. Aðgengi að hljóða- og orðasafni minnisins er oftast metið með verkefnum sem reyna á nefnuhraða eða svokölluðum nefnuhraðaprófum. Nefnuhraði er

mikilvægur forspárbáttur fyrir lesfimi. Hjá nemendum í 1.-3. bekk samanstendur prófið af sex myndum af vel þekktum hlutum eða fyrirbærum sem koma fyrir endurtekið í óreglulegri röð en prófið fyrir 4.-10. bekk inniheldur sex tölustafi sem koma fyrir endurtekið í óreglulegri röð.

https://mms.is/sites/mms.is/files/glaerunamskeid_-_nefnuhradi_-_dreifirit.pdf

5.4.5. Orðarún 3.-8. bekkur

Lesskilningsprófið Orðarún er ætlað nemendum í 3. til 8. bekk. Prófin eru stöðluð fyrir apríl og eru tvö próf fyrir hvern árgang. Kennrarar hafa því tækifæri til að meta stöðu nemenda í upphafi og lok námslotu. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvallssprungar eða fullyrðingar hvorum texta. Nemendur í 3. og 4. bekk velja á milli þriggja svarmöguleika en eldri nemendur velja á milli fjögurra svarmöguleika. Efni textanna þyngist eftir því sem nemendur eru eldri, orðum fjölgar og letrið minnkar. Spurningar verða að sama skapi þyngri.

Spurningar í Orðarún reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

- Að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar.
- Að draga ályktanir af því sem ekki er sagt með berum orðum í texta.
- Að átta sig á meginefni texta.
- Að útskýra orð og orðasambönd.

Niðurstöður prófsins segja fyrst og fremst til um hvernig til hefur tekist í námi og kennslu og er prófið því leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemandann í námi.

<https://mms.is/ordarun>

5.4.6. Orðalykill 1.-10. bekkur

Orðalykill er staðlað orðaförðapróf fyrir nemendur í 1.-10.bekk. Prófið er lagt fyrir hóp eða einstaklinga. Nemendur eiga að útskýra 55 orð listans.

<https://mms.is/ordalykill-0>

5.4.7. Stafsetningarpróf

Unnið er að stafsetningarprófum fyrir 4.-7. bekk. Þessi próf eru öll stöðupróf þar sem staða nemandans miðað við jafnaldra á landsvísu er metin. Á meðan það liggar ekki fyrir verður notast við stafsetningarhluta LOGOS prófsins.

5.4.8. Ritunarpróf

Unnið er að gerð ritunarprófa sem verða stöðluð fyrir fyrirlagnir í október og mars. Byrjað verður á að staðla prófið fyrir 4.,-7.- og 10. bekk en stefnt að því að til verði stöðluð próf fyrir 3.-10. bekk.

https://mms.is/sites/mms.is/files/lesferill_-_kynning_talglaerur.pdf

5.5. GRP-14, greinandi ritmálspróf

GRP 14h er staðlað skimunapróf á umskráningarfærni, stafsetningu, hljóðlestrarhraða og lesskilning og er lagt fyrir í 9. bekk að hausti. Slök umskráningarfærni er megininkenni dyslexíu/lesblindu þannig að slakt gengi í GRP 14h getur því gefið vísrendingar um dyslexíu/lesblindu.

5.6. Samræmt próf í íslensku

Samræmt könnunarpróf er lagt fyrir nemendur í 4. og 7. bekk í september og í 9. bekk í mars. Prófið kemur frá Menntamálastofnun og er lagt fyrir alla nemendur landsins í áðurtöldum bekkjum á sama tíma. Með því að taka þessi próf er hægt að fylgjast með stöðu hvers nemenda miðað við aðra nemendur á sama aldrí og eins hver framvinda námsins er hjá honum persónulega. Skólinn vinnur áfram með einstaka þætti íslenskuprófsins til frekari framfara hjá nemendum, bæði einstaklingslega og á bekkjarvísi.

5.7. LOGOS - stafsetningarhluti

LOGOS er greiningartæki til að greina dyslexiu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglungum og fullorðnum. LOGOS hefur verið þýtt, staðlað og staðfært á íslensku og að íslendingum. Prófið er lagt fyrir með það fyrir augum að hægt sé að grípa sem fyrst inn í þegar grunur vaknar um undirliggjandi erfiðleika í lestrarnámi.

Prófið er þannig uppyggt að fyrsti hluti þess er í 17 þáttum og er ætlaður og staðlaður fyrir 3. – 5. bekk en einstöku prófhluta er hægt að nota í 2. bekk þannig að hægt sé að greina lestrarerfiðleika barna eins fljótt og unnt er. Annar hluti prófsins er í 14 þáttum og er ætlaður og staðlaður fyrir 6. – 10. bekk og fullorðna. Þættirnir greina færni í leshraða, lesskilningi, skilningi á hlustun, umkóðunarfærni og annarri lestrartengdri færni og eru flestir prófþættir metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflýtis. Prófin eru stöðluð þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við viðmið jafnaldra.

Stafsetningarhluti LOGOS prófsins verður lagður fyrir á miðstigi (5.-7. bekkur) þar til stafsetningarhluti *Lesferils* verður tilbúinn til fyrirlagnar hjá Menntamálastofnun.